



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 8. apríl 2024
2403055HS SHJ

Efni: Aðalsel, Hásel, Mósel, Sel og Vestursel, nr. 0248/2024 - Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar

Þann 13. mars sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Rangárbings ytra í gegnum Skipulagsgáttina, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsgerð fyrir Aðalsel (L2355159), Háasel (L220358), Mósel (224132), Sel (L202401) og Vestursel (235160) í Rangárbingi ytra.

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á ofangreindum spildum, sem samtals ná yfir um 17,6 ha, úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði. Innan lóða verður heimilt að byggja í samræmi við skilmála landbúnaðarlands í gildandi aðalskipulagi. Unnið verður að nýju deiliskipulagi eða breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir skipulagssvæðin samhliða breytingu aðalskipulags.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir engar athugasemdir en bendir á eftirfarandi:

1. Í lýsingunni kemur fram að með breytingunni sé verið að koma til móts við óskir landeiganda um búseturétt á landspildum sínum og heimild til að stunda þar minniháttar búskap eða aðra starfsemi.

Skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Í skipulagstillögunni er því nauðsynlegt að fjalla með skýrum hætti um það hvers konar starfsemi er leyfileg innan skipulagssvæðisins.

2. Í deiliskipulagstillögu skal koma fram hvaðan neysluvatns er aflað. Ef fyrirhugað er að afla neysluvatns úr nýju vatnsbóli, skal skilgreina umhverfis það vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. 13. gr. rgl. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Við afmörkun vatnsverndarsvæðanna skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu. Staðsetningu vatnsbóls og vatnsverndarsvæða þess skal sýna á



skipulagsuppdráttum og setja í greinargerð skilmála til að tryggja að vatnsból mengist ekki, sbr. gr. 4.5.3 og gr. 5.3.2.15 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Jafnframt er bent á að skv. 4. gr. ofangreindrar reglugerðar skulu vatnsból vera í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum eða hverskonar starfsemi sem ætla má að geti spillt vatninu og skal þess gætt að slík mannvirki eða starfsemi séu þannig staðsett að grunnvatnsborð hallið ætíð frá vatnsbóli. Sama gildir um straumstefnu yfirborðsvatns, sem skal renna frá vatnsbóli.

3. Í töflu 3 undir umhverfisviðmið umhverfispáttarins heilbrigði; mengun og hávaði, grunnvatn, vantar rgl. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns en þar er að finna ákvæði um verndun neysluvatns og umhverfismörk fyrir ástand yfirborðsvatns sem líta skal til við gerð umhverfismatsskýrslu áætlunarinnar.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi